

um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðalandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Meginefni þessa frv. er að afnema að nokkru bann það við dragnótaveiðum íslenzkra skipa í fiskveiðilandhelginni, sem felst í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, og að slíkar veiðar skuli eftirleiðis heimilar íslenzkum fiskiskipum, allt að 35 rúml., á tímabilinu 1. júní til 1. nóv. ár hvert, þó með þeim takmörkunum, sem ríkisstj. kann að setja samkv. heimild í 2. gr., að fengnum till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands.

Kolaveiðar með dragnót voru fyrst reyndar hér við land upp úr 1890. Höfu Danir þær veiðar hér. Þessi veiðiaðferð innan landhelgi hefur lengst af verið umdeilt mál hér á landi, og þykir rétt að rifja upp í fáum orðum helztu afskipti Alþingis og ríkisstjórna af þeim málum.

Með lögum nr. 27 27. júní 1923 veitti Alþingi ríkisstj. heimild til að banna dragnótaveiði í landhelgi, ef þurfa þætti. Var það upphaf hinna svonefndu héraðabanna, er sett voru í samráði við sveitarstjórnir. Samkv. þeim lögum voru þessar reglugerðir settar:

1. Reglugerð nr. 57 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði við **sunnanverðan Faxaflóa**. Gilti bann þetta fyrir strandlengju Vatnsleysustrandar, Keflavíkur og Gerðahrepps í Gullbringusýslu. — Ákvæði þessarar reglugerðar voru að nokkru afnumin með reglugerðarbreytingum árið 1931.

2. Reglugerð nr. 71 2. nóv. 1927, um bann við dragnótaveiði fyrir Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Árið 1928 voru sett ný lög, nr. 55 7. maí þ. á., „um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi“. Með þeim lögum var dragnótaveiði bönnuð hvarvetna í landhelginni níu mánuði ársins, en heimil í þrjá mánuði, í september, október og nóvember, þó þannig, að ríkisstj. skyldi heimilt að setja ákvæði um frekari takmörkun eða bann, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og Fiskifélags Íslands. Lög þessi höfðu ekki áhrif á gildi reglugerða þeirra, er settar höfðu verið samkvæmt lögum frá 1923. — Samkvæmt lögum frá 1928 voru þessar reglugerðir settar og fjölluðu allar um veiðibann á tímabilinu 1. sept. til 30. nóv., sem ella hefði verið leyfistími að lögum:

1. Reglugerð nr. 9 26. febr. 1932, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Þingeyjarsýslum.

2. Reglugerð nr. 88 17. ágúst 1933, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Vopnafirði.

3. Reglugerð nr. 98 12. okt. 1933, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Ólafsfirði.

4. Reglugerð nr. 49 1. júní 1934, um bann við dragnótaveiði í landhelgi í Dýrafirði.

5. Reglugerð nr. 51 5. júní 1934, um bann við dragnótaveiði í landhelgi fyrir Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

6. Reglugerð nr. 97 27. ágúst 1934, um bann við dragnótaveiði það ár í landhelgi á svæðinu frá Gerpisflösum að Vattarnestanga í Suður-Múlasýslu.

7. Reglugerð nr. 99 4. sept. 1934, um bann við dragnótaveiði á Arnarfirði.

Með bráðabirgðalögum árið 1932 var um stundarsakir nokkuð dregið úr ákvæðum laganna frá 1928, en Alþingi felldi þessi bráðabirgðalög árið 1933. Á næstu árum var þó með lagabreytingum allmikið úr hömlum dregið. Um tíma gildi sú lagaregla, að dragnótaveiði skyldi heimil í 6 mánuði (júní—nóv.) ár hvert sunnanlands og vestan, milli Hjörleifshöfða og Látrabjargs, þó þannig, að á Faxaflóa og Breiðafirði máttu ekki önnur skip veiða en þau, sem skrásett voru innan lögsagnarumdæma, er að þessum fjórðum liggja, öðrum eða báðum. Annars staðar við landið gildi 3 mánaða reglan (sept.—nóv.) ásamt héraðabönnum reglugerða.

Með lögum nr. 45 1937 (og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 26 og 65 1940) var svo ákveðið að leyfa dragnótaveiði í allri landhelginni sex mánuði ár hvert fiskiskipum allt að 35 smál., en ríkisstj. jafnframt heimilað að veita stærri skipum veiðileyfi í október og nóvember. Heimilt skyldi sýslunefnd eða bæjarstjórn að banna dragnótaveiði „innan afmarkaðra, löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði“. — Með reglugerð skyldi ríkisstj. heimilt að ákveða möskvastærð og lengd

dráttartauga svo og lágmarksstærð fisks, „sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi“.

Með viðaukalögum nr. 83 22. okt. 1945 var ríkisstj. heimilað að banna dragnotaveiði á afmörkuðum svæðum „samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans“. — Samkv. þessum viðaukalögum voru gefnar út þessar reglugerðir:

1. Reglugerð nr. 175 23. okt. 1945, um bann við dragnotaveiði í landhelgi í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

2. Reglugerð nr. 50 1. marz 1950, um bann við dragnotaveiði í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

3. Reglugerð nr. 64 1. marz 1950, um bann við dragnotaveiði á svæðinu frá Sandgerðisvíta að Hraunnesi (þ. e. fyrir strandlengju Gerðahrepps, Keflavíkurhrepps, Njarðvíkurhrepps og Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu).

Allar þessar reglugerðir bönnuðu veiði á hinu annars lögleyfða 6 mánaða tímabili (júní—nóv.).

Stóð svo, unz dragnotaveiði var með öllu bönnuð með reglugerðum samkv. landgrunnslögunum frá 1948 í sambandi við útfærslu landhelginnar. En reglugerðir þessar eru sem hér segir: Nr. 46 22. apríl 1950 (varðandi Norðurland), nr. 21 19. marz 1952, nr. 70 30. júní 1958 og nr. 87 (viðaukareglugerð) 29. ágúst 1958.

Sjávarútvegsnefnd hefur sent frv. þetta til umsagnar Fiskifélagi Íslands og sambandsdeildum þess, sjö að tölu, í einstökum landshlutum, enn fremur atvinnudeild háskólans og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Af 10 aðilum samtals, sem hér er um að ræða, má telja, að frá 4 hafi horizt jákvæðar umsagnir um frv. Frá hinum hafa borizt neikvæðar umsagnir eða engar.

Það kemur fram í sambandi við afgreiðslu — og vöntun — umsagna, að skoðanir eru enn skiptar um þetta mál. Viða kemur fram áhugi fyrir því, að dragnotaveiði verði leyfð með meiri eða minni takmörkunum og þannig sköpuð aðstaða til hagnýtingar verðmæta, sem ella verði að verulegu leyti ónotuð. Rétt er að taka fram í því sambandi, að kolaveiði í net hefur verið stunduð með nokkrum árangri sums staðar á landinu í seinni tíð. Hins vegar gætir nokkuð þeirra sjónarmiða, að þörf sé á að rannsaka kolamagn við strendur landsins, áður en ákvörðun er tekin, og að varhugavert geti verið að breyta til í þessum efnun nú með tilliti til útfærslu landhelginnar og yfirstandandi örðugleika í sambandi við það mál.

Telja má, að saga dragnotamálsins á Alþingi undanfarna 3—4 áratugi geti gefið ýmsar þarflegar bendingar um meðferð þess nú, — og yfirleitt er svo margt að gæta í þessu máli, að ekki er vanþörf á, að það hljóti athugun milli þinga. Er æskilegt, að þingmönnum gefist kostur á að ræða málið við þá, er að sjávarútvegi standa viðs vegar um land, og kynnast viðhorfum til málsins, eins og þau nú eru eða kunna að verða, eftir að það hefur legið fyrir Alþingi. Einnig væri æskilegt, að nefnd, sem fulltrúar frá stofnunum sjávarútvegsins ættu sæti í, gæti fjallað um málið.

Pétur Ottesen óskar að taka fram, að hann sé því mótfallinn, að leyfð sé veiði með dragnót innan fiskveiðilandhelginnar, og skrifar því undir með fyrirvara.

Að vandlega athuguðu máli leggur 2. minni hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki þykir tímabært, að Alþingi taki ákvörðun um það nú, hvort eða hvernig leyfa skuli dragnotaveiðar í fiskveiðilandhelginni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1959.

Gísli Guðmundsson,  
form., frsm.

Pétur Ottesen,  
með fyrirvara.

## Fylgiskjal.

### FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 14. marz 1959.

Vér höfum haft til athugunar bréf hv. sjávarútvegsnefndar Nd., dags. 7. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands á þskj. 208.

Vér lítum svo á, að mál það, sem frumv. þetta fjallar um, hafi ekki fengið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, áður en ákvörðun verður um það tekin, á hvern hátt beri að haga framkvæmdum bæði með tilliti til veiðanna sjálfra og hagnýtingar þess afla, aðallega flatfisks, sem í dragnótina veiðist.

Bent er á eftirfarandi atriði sérstaklega:

- 1) Vitað er, að mjög eru skiptar skoðanir víða um landið á dragnótaveiðum, gagnsemi þeirra og áhrifum á aðrar veiðar.
- 2) Í frv. er miðað við ákveðna hámarksstærð á bátum, 35 rúml., sem leyft yrði að stunda dragnótaveiðar. Er þar tekið upp óbreytt ákvæði fyrri laga um dragnótaveiðar, en þá var miðað við allt aðrar aðstæður og stærðarmarkið sett með það fyrir augum að útiloka útlendinga (Dani) frá því að stunda dragnótaveiðar í landhelgi. Aðstæður eru nú gerbreyttar, og yrði að taka tillit til þess, þegar ákveðin yrði hámarksstærð báta.
- 3) Vitað er, að veiðitímabilin fyrir flatfiskinn eru misjöfn á hinum ýmsu svæðum við landið, og þyrfti gaumgæfilegrar athugunar, áður en sett yrði í lög ákvæði um þann tíma, sem veiðar yrðu leyfðar. Er annars mikil hættá, að handahófsmundi gæta í framkvæmdinni.
- 4) Enda þótt flatfiskveiði hafi verið lítil undanfarin ár, hefur þó komið fyrir, að veiðzt hefur töluvert magn á vissum svæðum. Hafa þá komið í ljós miklir annmarkar á vinnslu flatfisksins vegna lélegs hráefnis og þar af leiðandi söluvandráði.

Áður en horfið yrði að því að leyfa dragnótaveiðar almennt, eins og frv. gerir raunverulega ráð fyrir, yrði því óhjákvæmilegt að setja strangar reglur um alla meðferð flatfisksins o. fl. í sambandi við veiðar og vinnslu.

Vér getum því ekki fallizt á frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, en leggjum til, að ríkisstjórnin láti fara fram gagngerða athugun á málinu í heild, áður en tekin yrði ákvörðun um að leyfa dragnótaveiðarnar, en sem einn lið í þeirri athugun teljum vér, að æskilegt væri, að gerðar yrðu víðtækar tilraunir með dragnótaveiðar sem víðast við landið og á ýmsum tímum, svo að fá mætti sem gleggstar upplýsingar um ástandið, eins og það nú er. Er þetta sameiginlegt álit meiri hluta stjórnar Fiskifélagsins, en einn stjórnarnefndarmanna, Pétur Ottesen, óskaði eftir, að það yrði tekið fram, að hann er andvígur frv. og jafnframt andvígur því, að dragnótaveiðar verði leyfðar.

Virðingarfyllt,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.